



Reykjavík, 20. september 2018

SFS2017110042

144. fundur

HG/gs/en

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Samstarfssamningur skóla- og frístundasviðs, Gufunesbæjar-miðstöðvar útivistar og útináms, íþróttar- og tómstundasviðs og Fjölskyldu- og húsdýragarðsins.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, íþróttar- og tómstundasvið Reykjavíkurborgar og Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn gerðu þann 6. júní 2013 með sér samstarfssamning með það að leiðarljósi að gefa fleiri börnum í Reykjavík kost á að njóta náms og leiks á vettvangi Fjölskyldu- og húsdýragarðsins. Samningurinn var til þriggja ára en í 5. gr. hans kom fram að aðilum bæri fyrir 1. apríl 2016 að ákveða sameiginlega hvort samningurinn skyldi endurnýjaður.

Með viðauka, dags. 22. september 2016 var gildistími samningsins framlengdur til 1. september 2017 og með viðauka, dags. 1. nóvember 2017, var gildistími samningsins framlengdur til 1. september 2018.

Samningsaðilar hafa ákveðið að gera nýjan samstarfssamning, nú einnig í samstarfi við Gufunesbæ-miðstöð útivistar og útináms.

Markmið samningsins er:

- að gefa börnum í Reykjavík kost á að njóta náms og leiks á vettvangi Fjölskyldu- og húsdýragarðsins.
- að tryggja aðgengi barna og ungmenna í starfi á vegum skóla- og frístundasviðs að garðinum
- að nám í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum verði hluti af skólagöngu reykvískra barna.
- að útivist og upplifun í garðinum verði hluti af frístundastarfi á vegum skóla- og frístundasviðs.

Samningurinn, sem er til þriggja ára, kveður á um árlegt framlag skóla- og frístundasviðs til Fjölskyldu- og húsdýragarðsins að fjárhæð kr. 3.000.000, vegna þeirra verkefna sem samningurinn kveður á um og tekur sú fjárhæð breytingum í samræmi við almennar launabreytingar skv. kjarasamningum. Samkvæmt samningnum skulu samningsaðilar ákveða sameiginlega fyrir 1. apríl 2021 hvort samningurinn skuli endurnýjaður.